

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Andréxi Inga Jónssyni um hlutlausa skráningu kyns í vegabréfum.

1. *Hvaða ríki bjóða upp á hlutlausa skráningu kyns í vegabréfum?*

Upplýsingar um það hvaða ríki bjóða upp á hlutlausa skráningu kyns í vegabréfum liggja ekki fyrir í dómsmálaráðuneytinu. Ráðuneytinu er þó kunnugt um að útgáfa vegabréfa með hlutlausri skráningu kyns hófst í Bandaríkjunum 11. apríl sl.

2. *Hversu mörg vegabréf hefur íslenska ríkið gefið út til einstaklinga með hlutlausa skráningu kyns?*

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 80/2019, um kynrænt sjálfræði, skal ávallt tákna hlutlausa skráningu kyns í vegabréfum með bókstafnum X. Þjóðskrá Íslands annast útgáfu vegabréfa á Íslandi, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um vegabréf, nr. 136/1998. Ráðuneytið aflaði upplýsinga frá Þjóðskrá Íslands um fjölda útgefinna vegabréfa með hlutlausri skráningu kyns. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands hafa verið gefin út 34 vegabréf með hlutlausri skráningu kyns.

3. *Pekkir ráðuneytið dæmi þess að fólk með hlutlausa skráningu kyns í vegabréfi verði fyrir áreitni eða fordómum, sé tafið, meinað um byrðingu eða lendi í öðrum vandræðum í tengslum við kynskráninguna á ferðalögum? Til hvaða aðgerða hefur verið gripið til að koma í veg fyrir að slíkt gerist frá því að fyrst var boðið upp á hlutlausa skráningu kyns í íslenskum vegabréfum?*

Dómsmálaráðuneytinu hafa ekki borist upplýsingar um að fólk með hlutlausa skráningu kyns í vegabréfi verði fyrir áreitni eða fordómum, sé tafið, meinað um byrðingu eða lendi í öðrum vandræðum í tengslum við kynskráninguna á ferðalögum. Ekki hefur verið gripið til sérstakra aðgerða af hálfu ráðuneytisins til að koma í veg fyrir að slíkt gerist.

4. *Er ráðuneytinu kunnugt um það að ríki viðurkenni ekki vegabréf erlendra ríkisborgara með hlutlausa skráningu kyns? Hvaða ríki háttar svo um?*

Dómsmálaráðuneytið hefur ekki upplýsingar um hvort eða hvaða ríki viðurkenni ekki vegabréf erlendra ríkisborgara með hlutlausa skráningu kyns.

5. *Hefur komið til athugunar að kyn einstaklinga verði ekki skráð í íslensk vegabréf?*

Ekki hefur komið til athugunar í dómsmálaráðuneytinu að kyn einstaklinga verði ekki skráð í íslensk vegabréf.

6. *Kemur til greina að breyta reglum um vegabréf á þann hátt að einstaklingi með hlutlausa skráningu kyns sé heimiluð handhöfn aukavegabréfs með annarri skráningu kyns, sem nota megi þar sem hlutlaus skráning kyns í vegabréfi geti verið handhafa til ama?*

Ekki hefur komið til umræðu í dómsmálaráðuneytinu að breyta reglum um vegabréf á þann hátt að einstaklingi með hlutlausa skráningu kyns sé heimiluð handhöfn aukavegabréfs með annarri skráningu kyns, sem nota megi þar sem hlutlaus skráning kyns í vegabréfi geti verið handhafa til ama.